



**459. fundur
haldinn í bæjarráðssal,
fimmtudaginn 11. mars 2010 og hófst hann kl. 17.00**

Fundinn sátu: Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður, Gretar D. Pálsson, Lárus Á. Hannesson, Erla Friðriksdóttir bæjarstjóri og Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Fundargerð ritaði: Þór Örn Jónsson bæjarritari.

Elísabet Lára Björgvinsdóttir formaður setti fund og fól Erla Friðriksdóttur bæjarstjóra fundarstjórn.

Fundargerðir nefnda.

- 1. 1003012 - Fundargerð fræðslunefndar, dags. 08.03.2010 (105. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2. 1003014 - Fundargerð stjórnar dvalarheimilis, dags. 02.03.2010 (43. fundur).**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 3. 1003013 - Fundargerð safna- og menningarmálanefndar, dags. 03.03.2010 (75. fundur).**
Fundargerð framlögð, **Liður 2** samþykkt að fela bæjarstjóra að ganga til samninga við forstöðumann Byggðasafnsins um áframhald á vinnu fyrir Ljósmyndasafn Stykkishólms. Fundargerð samþykkt.

Aðrar fundargerðir

- 4. 1003015 - Fundargerð byggingarnefndar vegna nýbyggingar við Grunnskólann í Stykkishólmi, dags. 03.03.2010 (3.fundur).**
Fundargerð framlögð.

Erindi til kynningar

- 5. 1003006 - Bréf samgöngu- og sveitastjórnarráðuneyti dags. 26.2.2010 varðandi áætlanir um úthlutanir framlaga úr jöfnunarsjóði sveitafélaga til sveitafélaga á árinu 2010.**
Framlagt.
- 6. 1003005 - Bréf Heilsulindarsamtaka Íslands (HLSÍ) dags. 25.2.2010. varðandi boð á kynningarfund um HLSÍ og EPSA í þeim tilgangi að vekja áhuga á aðild að HLSÍ.**
Framlagt.
- 7. 1003004 - Bréf Skipulagsstofnunar dags. 23.2.2010. varðandi kynningu á skipulagstillögu með fullnægjandi hætti, sbr. 1. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.**
Framlagt.
- 8. 1003003 - Bréf slökkviliðs Borgarbyggðar dags. 23.2.2010. varðandi viðbúnað vegna sinuelds við bæinn Syðra-Skógarnes í Eyja-og miklaholtshreppi 21.2.2010.**
Framlagt.
- 9. 1003009 - Bréf Sorpurðunar Vesturlands hf. ódags. Varðandi fundarboð föstudaginn 12. mars 2010, grænt bókhald og ársreikningur 2009.**
Framlagt.
- 10. 1003008 - Bréf HSH dags. 5. mars 2010. Varðandi ályktun sem samþykkt var á**



héraðsþingi HSH og ársskýrsla HSH fyrir árið 2009.

Framlagt.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 11. 1003007 - Bréf umhverfissráðuneytis dags. 2. mars 2010. Varðandi dag umhverfisins 2010 - viðburðir og viðurkenningar.**
Bréfinu vísað til umhverfisnefndar.
- 12. 1003001 - Bréf SSV, dags. 3. mars 2010, varðandi flutning málefna fatlaðra til sveitarfélaga.**
Bæjarráð samþykkir tillögu starfshóps SSV um málefni fatlaðra. Tillagan gerir ráð fyrir því að sveitarfélögin á Vesturlandi stofni byggðasamlag um málefni fatlaðra með dreifðri ábirgð og þjónustu.
- 13. 1003010 - Tölvupóstur Arkís ehf. ódags. varðandi beiðni um framlengingu á samkomulagi um landsvæði í Sundvík sem gildir til 31. mars á þessu ári.**
Samþykkt að framlengja samkomulaginu til 31. mars 2011.
- 14. 1002041 - Bréf Hesteigendafélags Stykkishólms, dags 15.2.2010. varðandi styrkveitingu til reiðskemmubyggingar (frá fundi nr. 458).**
Samþykkt í stað þinglýst eiganda hússins er að byggingaraðili reiðskemmunnar verði HEFST. Lárus sat hjá vegna tengsla.
- 15. 1002015 - Byggðakvóti fiskveiðiársins 2009/2010. Varðandi úthlutun byggðarkvóta til fiskiskipa.**

Þar sem sjávarútvegsráðuneytið hefur samþykkt túlkun Fiskistofu á reglugerð nr. 82/2010 þess efnis að ekki sé þörf á að byggðakvóta sé landað í viðkomandi byggðalagi, þrátt fyrir að í 6. gr. reglugerðarinnar komi fram að fiskiskipum sé skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað, er samþykkt að eftirfarandi verði bætt við sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í Stykkishólmi fyrir fiskveiðiárið 2009/2010:

Fiskiskipum sem fá úthlutað byggðakvóta er skylt að landa aflanum í Stykkishólmshöfn til vinnslu í byggðarlaginu afla sem nemur, í þorskígildum talið, tvöföldu magni þess aflamarks sem þau fá úthlutað. Skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt skv. vigtunarskýrslum Stykkishólmsbæjar og ráðstöfunarskýrslum sem borist hafa Fiskistofu.

16. 1003011 - Nýbygging tónlistarskóla.

Til álita hefur komið að byggja sem geymsluhúsnæði allt að 850 fm. kjallara undir fyrsta áfanga nýbyggingar Tónlistar- og grunnskóla við Borgarbraut. Viðbótarkostnaður vegna þess er áætlaður a.m.k. 24 millj. kr. miðað við hráan en einangraðan kjallara. Til að kjallari nýtist að fullu sem geymsluhúsnæði þarf gott aðgengi að honum sem kallar á aðkeyrsluramp. Erfitt er að koma slíkri niðurgrafinni aðkeyrslu fyrir þar sem lengd hennar yrði að vera 16 – 20 metrar og því varla pláss fyrir hana á lóðinni, auk þess sem kostnaður við byggingu rampsins bættist við framangreinda áætlun.

Bæjarráð Stykkishólmsbæjar leggur því til að horfið verði frá ofangreindum hugmyndum um byggingu kjallara.

Önnur mál.



17. Skóla- og fjölskyldustefna.

Erla gerði grein fyrir að drög að stefnunum liggi væntanlega fyrir í mars og skólastefnu verði vísað strax til umsagnar fræðslunefndar og skólanefndar Tónlistarskóla.

18. Ársreikningur Stykkishólmsbæjar fyrir 2009.

Erla gerði grein fyrir vinnu við ársreikning Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2009.

19. Varðar bókun undir lið 19 frá bæjarráðsfundi nr. 458 þann 18.febrúar 2010.

Í bókun sem undirritaður lagði fram og samþykkt var af bæjarráði og bæjarstjórn varðandi lækkun hámarks byggðakvóta segir:

“Landaður afli strandveiða var um 97 tonn í Stykkishólmi á síðasta ári, lítið sem ekkert af þeim afla var unnin í Stykkishólmi. Þetta er 23 tonnum minni landaður afli en ef byggðakvóti hefði ekki verið skertur og 120 tonnum minna af unnum afla. **Áætla má að þetta sé um einn mánuður í vinnslu á staðnum sem er um 10% skerðing**“.

Hér urðu mér á mistök við útreikning þar sem ég segi að þetta sé um einn mánuður í vinnslu sem er um 10% skerðing. Við útreikning var stuðst við löndunartölur á þorski árið 2008 en ekki vinnslutölur.

Hið rétta er að um 4.600 tonn eru unnin í Hólminum og eru 120 tonn um 2,6% af því.

Gretar D. Pálsson

20. Gretar gerði grein fyrir fyrirhuguðu Vélsleðasafni í Stykkishólmi.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20

Þór Örn Jónsson